

Frumvarp til laga

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum
(úthlutun tollkvóta).

(Eftir 2. umræðu, 4. desember.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 12. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „innflutningsverðs“ í 2. másl. kemur: að teknu tilliti til heildsöluálagningar.
- b. Á eftir 2. másl. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Þó skal tollur ekki vera hærri en 45% af ákveðnum magntolli samkvæmt tollskrá.
- c. Við 3. másl. bætist: og að viðbætti heildsöluálagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.